



Kennari: Svanur Ingvarsson (svanur@fsu.is)

Skammstöfun: SI

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur um smíði tréstiga innanhúss með áherslu á algengustu útfærslur þeirra, samsetningar, smíði og yfirborðsmeðferð. Nemendur læra að búa til skapalón í fullri stærð eftir teikningum og hvernig þau eru notuð til að smíða þrep, stigakjálka og stigaþandrið með rimlum m.m. Nemendur fá þjálfun í að smíða tréstiga eða einstaka hluta þeirra í smækkaðri mynd og nota til þess hefðbundin áhöld og algengar trésmíðavélar. Kennslan er bæði bókleg og verkleg.

Markmið áfangans

Að nemendur

- Þekki smíðaefni sem notað er í tréstiga og þandrið innanhúss
- Kunni skil á áhöldum og tækjum til smíði tréstiga og þandriða innanhúss
- Þekki samsetningaraðferðir á tréstigum og þandriðum innanhúss
- Kunni skil á yfirborðsmeðferð tréstiga og þandriða innanhúss
- Geti smíðað snúinn tréstiga með eða án þandriðs og sett upp

Kennslugögn

- Verkefni og faglegt efni sem kennari afhendir

Verkefni

- Smíðaður verður tréstigi í smækkaðri mynd

Námsmat

- Smíðamunir og símat 80 %
- Skriflegt próf 20 %
- Í símatinu er metið: áhugi og metnaður, umgengni, samvinna, skerpingar og umhyrða verkfæra